

TRÚNAÐARRÁÐ

1. Fundur, 25. maí 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 20:00.

Auk formanns, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, sátu eftirfarandi fundinn: Áslaug J. Marinósdóttir (fjarfundabún.), Bára Kristín Pétursdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Hallfríður Þórarinsdóttir (fjarfundabún.), Jóhanna Magnúsdóttir (fjarfundabún.), Kári Jónasson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Albert Ármannsson, Snorri Steinn Sigurðsson (fjarfundabún.) og Valva Árnadóttir.

Fundur settur 20:05.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Tilnefning í viðræðu- og kjaranefnd vegna kjarasamninga 2024.

Trúnaðarráð samþykkir eftirfarandi skipan í viðræðunefnd:

Viðræðunefnd skipa:

Jóna Fanney Friðriksdóttir, formaður
Snorri Steinn Sigurðsson, varaformaður
Erla Björg Arnadóttir
Dóra Magnúsdóttir
Halldór Kolbeins
Stefán Andrésson
Hallfríður Þórarinsdóttir

Kjaranefnd:

Gagnlegar umræður áttu sér stað um hlutverk kjaranefndar og sendi Snorri Steinn öllum fundarmönnum erindisbréf kjara- og viðræðunefndar á tölvupósti á meðan á fundi stóð.

Fundarmenn ræddu um þá staðreynd að samtímis því að ferðaþjónustan sem atvinnugrein hafi vaxið hratt sl. áratug og sé nú helsta stoð útflutningstekna landsins, hafi kjarabrotamál þeirri þróun samhliða aukist til muna. Því gegnir kjaranefnd Leiðsagnar veigamiklu hlutverki í að sporna gegn hvers kyns ólögum starfsemi sem viðgengst gagnvart fjölda leiðsögumanna sem starfa hér á landi. Því miður nýti sum fyrirtæki sér æ ofan í æ kunnáttuleysi leiðsögumanna um eigin réttindi og íslenskan vinnumarkað, einkum þá leiðsögumanna frá öðrum þjóðríkjum sem hér starfa. Jafnframt er farið að bera á óttastjórnun innan einstakra fyrirtækja, þ.e. leiti leiðsögumenn réttar síns hjá atvinnurekanda með hliðsjón af skertum kjörum á launaseðli, vita þeir að þeir eru að taka þá áhættu að vera sagt upp í starfi í kjölfarið. Leiðsögn er kunnugt um dæmi þessa og er iðulega um sömu fyrirtæki að ræða aftur og aftur. Þó skal tekið fram að langflest fyrirtæki í ferðaþjónustu virða kjarasamninga.

Fundurinn ítrekar að kjarabrotamál sem leiðsögumenn í landinu, hvorrar þjóðar sem þeir eru, lenda í gagnvart atvinnurekendum sínum séu ekki liðin af félaginu. Því sé ákaflega mikilvægt að efla stoðir kjaranefndar til að stöðva þessa þróun. Málið er grafalvarlegt og er það vilji allra fundarmanna, auk þess að stofna nýja kjaranefnd, að skoða hvort félagið myndi ráða kjarafulltrúa í hlutastarf sem sinni kjarabrotum alfarið.

Afgreiðsla: Fundur trúnaðarráðs samþykkir að fela formanni Leiðsagnar að koma með tillögur að kjaranefnd/kjaranefndarfulltrúa innan tveggja vikna.

2. Starfshópur vegna komandi kjarasamninga.

Sbr. fundargerð stjórnar 24. maí, 2023, var Dóru Magnúsdóttur falið að leiða starfshóp sem komið yrði á fót og hefði það að markmiði að kanna kosti og hagræði þess að ganga etv. til liðs við önnur stéttarfélag sem eru viðsemjendur SA/SAF vegna komandi kjaraviðræðna. Meginmarkmið starfshópsins er upplýsingaöflun fyrir stjórn og trúnaðarráð inn í komandi kjaraviðræður. Sagði formaður mikilvægt að hafa hópinn ekki of stóran í byrjun, upplýsingaöflun sem þessi þyrfti að ganga hratt fyrir sig.

Formaður bar upp tillögu um að Sigrún Pálsdóttir úr trúnaðarráði hæfi þessa vinnu í byrjun með Dóru Magnúsdóttur.

Sigurður Albert Ármannsson bauð einnig krafta sína fram í starfshópinn. Urðu hér miklar umræður. Voru sumir fundarmenn á því að ótækt væri að gefa aðeins tveimur aðilum svo „frjálsar hendur“. Ítrekaði formaður hér að meginverkefni starfshóps þessa væri upplýsingaöflun fyrir komandi vinnu við kjarasamninga.

Eftir umræður fundarmanna samþykkti trúnaðarráð að auk Dóru Magnúsdóttur tækju Sigrún Pálsdóttir, aðalmaður í trúnaðarráði, og Sigurður Albert Ármannsson, varamaður í stjórn Leiðsagnar, sæti í starfshópi þessum.

3. Menntamál leiðsögumanna. Kynning á vinnu starfshóps Menntamálastofnunar (MMS).

Þessi liður var til kynningar í trúnaðarráði. Sjá nánar fundargerð stjórnar frá 24. maí, 2023, lið 1.

*Fundi slitið kl. 22:11.
Fundarritun: jff í fjarveru ritara.*